



VATNSENDASKÓLI

## Valgreinar í boði skólaárið 2018- 2019

Nemendur í 8. bekk velja þrjár kennslustundir í valgreinum á viku (bundið val fjórar kennslustundir á viku) en nemendur í 9. og 10. bekk velja sjö kennslustundir í valgreinum á viku. Valfögum er nánar lýst hér á eftir. Vanda þarf valið því ekki er hægt að skipta um val.

**Haustönn: 27. ágúst 2018 -18. janúar 2019**

**Vorönn : 21. janúar -29. maí 2019**

### **Val utan skóla/ Íþróttaiðkun/ listnám/ tómstundir**

Hægt er að fá íþróttaiðkun og/eða annað nám metið sem valgrein. Ef nemendur stunda nám utan skóla jafngildir tveggja klukkustunda nám einni kennslustund í vali. Nemendur í 8. bekk geta að hámarki fengið tvær kennslustundir í afslátt á viku (bundið val 4 tímar á viku). Nemendur í 9. og 10. bekk geta að hámarki fengið fjórar kennslustundir í afslátt á viku. Nemendur þurfa að skila inn eyðublaði (sjá á heimasíðu Vatnsendaskóla) undirritað af foreldrum/forráðamönnum eigi síðar en 7. september 2018

**Dæmi:** Nemandi í 8. bekk stundar nám/íþróttir utan skóla í tvo tíma á viku. Viðkomandi fær eina kennslustund í afslátt og velur eina kennslustund.

**Dæmi:** Nemandi í 9. bekk stundar nám/íþróttir utan skóla í sex tíma á viku. Viðkomandi fær þrjár kennslustundir í afslátt og velur fjórar kennslustundir.

**Athugið að nemendur velja bæði fyrir haust- og vorönn**

## Efnisyfirlit

Boltaval 1t (8., 9. og 10. bekkur )	3
Dimma/ nemendaráð/ skólaráð 2t. (8. 9. og 10. bekkur)	3
Enska grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkur)	3
Fatasaumur 2t. (9. og 10. bekkur )	3
Golf 2t. (8. 9. og 10. bekkur) .	3
Heimanám: 1t. (8.,9. og 10. bekkir)	3
Heimilisfræði 3t. (9. og 10. bekkir, bundið val hjá 8. bekk)	3
Hekl og þrjón 2t. (8. 9. og 10. bekkir)	4
Hreystival 1t (8. 9. og 10. bekkir)	4
Hönnun og smíði 2t. (9. og 10. bekkir, bundið val í 8. bekk)	4
Kvikmyndaval 2t. ( 8., 9. og 10. bekkur)	4
Kvikmyndavinnsla og upptaka 2t. ( 8., 9. og 10. bekkur)	4
Listmálun 2t. (9. og 10. bekkir, bundið val í 8. bekk)	4
Skyndihjálp og hjálparstarf 2t (10. bekkur)	5
Íslenska 1t. (8. 9. og 10. bekkir)	5
Snyrtifræði og förðun 1t (8.,9., og 10. bekkur)	5
Stærðfræði grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkir)	5
Stjörnufræði ( 8., 9. og 10. bekkur )	6
Spilaval 1t (8., 9. og 10. bekkur )	6
VazzUp - Skólablað 2t. (8., 9. og 10. bekkur )	6
Val í samvinnu við MK 10. bekkur	7
Val í samvinnu við Tækniskólann - skóla atvinnulífsins 10. bekkur.	8

Boltaval 1t (8., 9. og 10. bekkur )

Áfangi fyrir þá sem hafa áhuga á boltaíþróttum t.d fótbolta, körfubolta, blaki, bandý o.fl. Kennt verður í íþróttahúsinu.

Dimma/ nemendaráð/ skólaráð 2t. (8. 9. og 10. bekkur)

Þeir sem veljast í Nemendaráð, Dimmuráð og Skólaráði fá þennan tíma metinn sem valfag. Tveir nemendur í hverjum bekk skipa Nemendaráð/Dimmuráð. Þeir sem taka að sér þessi störf skipuleggja starfið í félagsmiðstöðinni Dimmu undir stjórn starfsmanna félagsmiðstöðvarinnar ásamt því að vera tengiliður milli skóla og félagsmiðstöðvar. Mikilvægt er að þeir sem eru í nemendaráði séu til fyrirmyndir hvað varðar hegðun, framkomu og umburðarlyndi.

Markmiðið: að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka félagsfærni og þjálfna nemendur í samvinnu.

Enska grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkur)

Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í enskutímum í kjarna.

Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum.

Markmið: Að auka og styrkja skilning nemenda á grunnatriðum málfræði og orðaforða í ensku.

ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í ensku ættu að velja þennan áfanga.

Fatasaumur 2t. (9. og 10. bekkur )

Nemandi lærir hugtök og heiti sem tengjast saumaskap.

Lærir að taka upp snið úr saumablöðum.

Lærir að leggja snið á efni og að sníða og sauma flík.

Golf 2t. (8. 9. og 10. bekkur) .

Golf er vinsæl íþrótt meðal allra aldurshópa og það er hægt að byrja að spila golf hvenær. Farið verður í alla þá grunnþætti sem nauðsynlegir eru fyrir fyrstu skrefin á golfvellinum eins og grunnhreyfingar í golfsveiflunni, öll meginhögg í golfi, siði og grunnreglur í golfleiknum ásamt venjum og hugarfari við golfiðkun. Golf er fyrir alla – Stelpur og stráka.

Heimanám: 1t. (8.,9. og 10. bekkir)

Í heimanámstímum hafa nemendur tækifæri til að vinna verkefni (sem þau eiga annars að vinna sjálfstætt heima hjá sér) undir stjórn og leiðsögn kennara. Kennarinn getur einnig aðstoðað með ýmsa efnisþætti í bóklega náminu sem nemandinn þarf að einbeita sér sérstaklega að.

Heimilisfræði 3t. (9. og 10. bekkir, bundið val hjá 8. bekk)

Nemendur læra að fara eftir uppskriftum úr blöðum og bókum. Einnig förum við á netið og finnum uppskriftir þar. Nemendur baka, matreiða hversdagsmat, hátíðarmat, eftirrétti og kynnast matarmenningu mismunandi þjóða. Nemendur læra að búa til matseðla og reikna út næringargildi þeirra. Einnig verður ýmislegt kennt varðandi borðskreytingar.

Námsmat: Símat þar sem lögð er áhersla á góð vinnubrögð, samstarfshæfni og sjálfstæði.

Hekl og þrjón 2t. (8. 9. og 10. bekkir)

Markmið með áfanganum er að nemendur auki við þekkingu sína í þrjóni og hekli, til dæmis með því að þrjóna eftir einföldum uppskriftum, þrjóna með tveimur eða fimm þrjónum og læra að skipta um lit. Verkefnaval og hugmyndir eru unnar í samráði við kennara, eitt skylduverkefni og síðan val. Notaðar verða bækur og blöð í eigu skólans og uppskriftir af internetinu. Mikil áhersla er lögð á góð vinnubrögð, sjálfstæði, frágang, vinnusemi og heimavinnu.  
Námsmat: Virkni í tímum.

Hreystival 1t (8. 9. og 10. bekkir)

Áfangi fyrir þá sem vilja taka vel á því og auka meðal annars þol, snerpu og styrk. Tímarnir verða í anda Skólahreysti, Bootcamp og Crossfit. Kennst verður í íþróttahúsinu.

Hönnun og smíði 2t. (9. og 10. bekkir, bundið val í 8. bekk)

Nemendur vinna smíðagripir eftir eigin hönnun í samráði við kennara, efnistöku eru t.d. timbur, málmur, plast, gler, ofl. Einnig er mögulegt að gera upp gamlan hlut eða húsgagn og færa hann í fyrra útlit. Þá er möguleiki að hanna og vinna skartgripir úr góðmálmum.

Kvikmyndaval 2t. (8., 9. og 10. bekkur)

Horft verður á ýmsar bíómyndir og ýmislegt skoðað eins og hinar ýmsar staðalmyndir og hlutgervi sem settar eru fram í bíómyndum. Þar má nefna ýmsar staðalmyndir er tengjast unglingum, karl – og kvengervi, ímyndir og svo framvegis.

Námsmat: Nemendur verða metnir með ýmsum umræðum og og samræðum eftir að áhorfi á myndir er lokið.

Markmið: Að nemendur fræðist um ýmsar staðalmyndir í gegnum bíómyndir og að auka orðaforða kunnáttu sína í ensku.

Kvikmyndavinnsla og upptaka 2t. (8., 9. og 10. bekkur)

Í þessu valfagi fá nemendur tækifæri á því að spreyta sig á kvikmyndaleik, upptöku og vinnslu. Nemendum verður kennt á upptökuöpp, kvikmyndavinnsluforrit, special effects o.fl. Unnar verða nokkrar kvikmyndir á námskeiðinu sem dæmi hryllings, spennu, gaman og drama mynd. Tilvalið valfag fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á kvikmyndaupptöku, leik og vinnslu. Spjaldtalan gegnir lykilhlutverki í þessu valfagi.

Listmálun 2t. (9. og 10. bekkir, bundið val í 8. bekk)

Ólíkir miðlar myndlistar kynntir t.d. ljósmyndun, málun, teikning, blönduð tækni, skúlptúr, grafík, tískuhönnun svo eitthvað sé nefnt. Nemendur velja sér út frá eigin áhugasviði hvaða miðil/miðla þau vilja nýta sér til listsköpunar. Vinnustofukennsla þar sem nemendur myndu vinna sjálfstætt undir handleiðslu kennara. Listasagan fléttuð inni námskeiðið með stuttum kynningum um listamenn sem gæti orðið hugmyndakveikja að listaverkum nemenda.

#### Skyndihjálþ og hjálparstarf 2t (10.bekkur)

Vatnsendaskólinn, í samstarfi við Rauða krossinn í Kópavogi, býður upp á valgrein í 10. bekk veturinn 2018-2019. Í Skyndihjálþ og hjálparstarf læra nemendur um Rauða krossinn og starf félagsins innanlands sem utan, s.s. hvar hjálpar Rauði krossinn, hvernig og af hverju? Nemendur taka 4 klst skyndihjálþarnámskeið, sem er það sama og almenningur tekur hjá Rauða krossinum, og fá skírteini að því loknu. Nemendur í valinu vinna 5-6 klst í sjálfbóðaliðastarf og geta valið starf eftir áhugasviði. Þar má t.d. nefna aðstoð í Fatabúðum Rauða krossins, félagsstarf með fólki sem er félagslega einangrað og fjáröflun fyrir Rauða kross verkefni að eigin vali. Í fjáröfluninni hafa nemendur tækifæri á að hanna sína eigin fjáröflun og vinna hana frá upphafi til enda, jafnvel í samstarfi við aðra 10. bekkinga í Kópavogi. Áhersla er lögð á að nemendur takist á við krefjandi verkefni líkt og aðrir sjálfbóðaliðar Rauða krossins. ATH: Þetta skyndihjálþarnámskeið veitir ekki einingu í framhaldsskóla, það námskeið eru 12 klst.

#### Íslenska 1t. (8. 9. og 10. bekkir)

Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í íslenskutímum í kjarna. Unnið verður með þætti í stafsetningu, málfræði, ljóðum og ritun. Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í íslensku ættu að velja þennan áfanga.

#### Snyrtifræði og förðun 1t (8.,9., og 10.bekkur)

Í þessu valfagi verður nemendum kennd helstu undirstöðu atriði er kemur að förðun og hreinlæti. Tekið verður fyrir farði, skygging, highlighter, augnförðun, varir o.fl. Einnig verður farið í undirstöðuatriði er varðar hreinlæti á húð, förðunarvörum og fleiru. Nemendur fá tækifæri til þess að koma með förðunarvörur sínar í skólann til þess að fá ráðleggingar. Skemmtilegt valfag fyrir alla þá sem vilja læra undirstöðuatriði í förðun.

#### Stærðfræði grunnur 1t. (8. 9. og 10. bekkir)

Markmið áfangans er að auka skilning nemenda á því efni sem verið er að vinna með í stærðfræðitímum í kjarna. Námsmat: Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum ATH: Þeir nemendur sem þurfa námsaðstoð (sérkennslu) í stærðfræði ættu að velja þennan áfanga.

Stjörnufræði ( 8., 9. og 10. bekkur )

Farið er í helstu þætti sem tengjast stjörnufræðinni, þar á meðal:

- Sól, tungl og stjörnur (fæðing og dauði stjarna o.fl.)
- Sólkerfið
- Stjörnusköðun við Elliðavatn

Áfanginn byggist á grunnefni stjörnufræðinnar (á unglingsstigi) þar sem helstu viðfangsefni eru kynnt. Reynt er að nálgast efnið með verklegum og öðruvísi hætti en kennslubókin ein býður upp á. Farið er út í stjörnusköðun þar sem næturhimininn er skoðaður með aðstoð forrita/app-a. Námsmat: Námsmat verður í formi símats, byggir á frammistöðu nemenda í tímum og verkefnum, vinnusemi, vandvirkni og áhugasemi.

Spilaval 1t (8., 9. og 10. bekkur )

Spiluð verða ýmis borðspil og stokkaspil með nemendum, t.d. ýmis stokkaspil, King of Tokyo, Varúlfur, Dixit, Catan, Krafla/scrabble, Bezzerwizzer, Alias, Monopoly, Heilaspuni og e.t.v. fleiri spil sem nemendur hafa áhuga á og koma jafnvel með að heiman.

VazzUp - Skólablað 2t. (8., 9. og 10. bekkur )

Nemendur vinna að gerð skólablaðs. Nemendur læra hvernig blað verður til. Læra að taka viðtöl og skrifa fréttir. Reynt verður að heimsækja fyrirtæki sem sérhæfir sig í útgáfu blaða. Námsmat: skólablað, virkni, áhugi, vinnusemi og vandvirkni.

Val í samvinnu við MK 10. bekkur

Ath. hafa þarf samband við Theódór (enska), Atla (íslenska) og Ragnar (stærðfræði) áður en þessir áfangar er valdir. Skila þarf inn sérstöku valblaði (sjá í viðhengi og á heimasíðu Vatnsendaskóla) fyrir 16. maí 2018.

Verklegur áfangi í matvælagreinum  
VERM1AA03

Áfangi á fyrsta þrepi. Kenndur á haustönn.

Áfanginn er kenndur á einni önn. Í áfanganum fá nemendur innsýn í samningsbundnar faggreinar í matvælageiranum þ.e. bakstur, framreiðslu og matreiðslu. Nemendur fá leigða vinnubúninga sér að kostnaðarlausu. Miðað er við að þeir nemendur sem fá að velja þennan áfanga hafi færni til að vinna sjálfstætt og hafi sjálfsaga til þess að umgangast verkfæri í eldhúsum af varfærni.

Bóklegir áfangar

ENSK2BA05 Sambærilegur við ENS203

Áfangi á öðru þrepi. Kenndur á haustönn

Enska fyrir sjálfstæðan notanda, stig b1/b2. Evrópski tungumálaramminn.

ENSK 2BB05 Sambærilegur við ENS303

Áfangi á öðru þrepi. Kenndur á vorönn

Enska fyrir sjálfstæðan notanda, stig b2. Evrópski tungumálaramminn.

STÆR2BC05 Sambærilegur við STÆ203

Áfangi á öðru þrepi. Kenndur á haustönn

Algebra, föll og gröf

STÆR2BD05 Sambærilegur við STÆR303

Áfangi á öðru þrepi. Kenndur á vorönn

Föll og gröf

ÍSLE2BA05

Áfangi á öðru þrepi. Kenndur á haustönn

Ritun og tjáning

ÍSLE2BB05

Áfangi á öðru þrepi. Kenndur á vorönn

Goðafræði, málsaga og ritun.

Val í samvinnu við Tækniskólann - skóla atvinnulífsins 10. bekkur.

Skila þarf inn sérstöku valblaði (sjá í viðhengi og á heimasíðu Vatnsendaskóla) fyrir **16. maí 2018.**

### Verk- og listgreinaval Tækniskólans 2018-2019 fyrir grunnskóla

Verk- og listgreinaval Tækniskólans (VKG) fyrir 10. Bekk

2 einingar (18 vikur, 54 kennslustundir og skýrsla/kynning í grunnskóla)

Markmið:

- Að efla tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.
- Að kynna nemendum uppbyggingu iðnnáms og listnáms.
- Að kynnast möguleikum framhaldsmenntunar að námi loknu.
- Að auðvelda grunnskólanemendum námsval í framhaldsskóla
- Að kynna nemendum helstu tæki og tól sem notuð eru í viðkomandi iðngrein
- Að nemendur kynnist handverki og læri vinnubrögð verknáms.
- Öryggisatriði við vinnu á verkstæðum.

Viðfangsefni:

Nemendur kynnast ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum:

*Hönnun og nýsköpun*

*Tréið*

*Málmið*

*Rafiðnir*

*Upplýsingatækni*

*Pípulagnir*

*Tækniteiknun*

Hvert viðfangsefni tekur sex vikur, 3 kennslustundir á vik (3 x 40 mín.).

Í þessum sex vikna lotum í hverri grein fá nemendur tækifæri til að hanna og smíða eigulega gripi undir leiðsögn færustu kennara. Á þann hátt vinna nemendur að verkefnum, sem tengja saman viðkomandi faggrein og verkfærin, auk þess að kynnast uppbyggingu iðnnáms og möguleikum til framhaldsmenntunar að því loknu.

Þegar vali er lokið skulu nemendur (einir eða fáeinir saman) gera skýrslu/kynningu um valið sem er stýrt af hverjum grunnskóla fyrir sig og lagt fram í viðkomandi skóla.

Fimmtudagar kl. 15.20-17.20. Þrír samliggjandi tímar á viku í 6 vikur. Hver nemandi tekur þrjú tímabil af fjórum (skipulagt af Tækniskólanum):

1. tímabil	2. tímabil	3. tímabil	4. tímabil
30. ág. -4. okt. '18	25. okt.- 29. nóv. '18	10. jan. – 14. feb. '19	28. febr. – 4. apr. '19

Kennslustaður: Tækniskólinn Flatahrauni 12 í Hafnarfirði. Kennarar í Tækniskólanum á viðkomandi kennslusviðum.

Val nemenda þarf að fara fram fyrir 16. maí 2018 svo Tækniskólinn geti skipulagt námið í tíma. Kostnaður (kennslukostnaður og efniskostnaður) af valinu dreifist jafnt á alla nemendur sem



taka þátt í valinu og sendist á skólana í samræmi við nemendafjölda frá hverjum skóla.  
Nemendur koma sér sjálfir á kennslustað.  
Nánari kynning á uppbyggingu einstakra viðfangsefna innan valgreinarinnar

### 1. Hönnun og nýsköpun

Hönnun, nýsköpun og verkleg þjálfun í formum og vinna með efni af ýmsum toga

### 2. Tréið

Nemendur vinna að verkefnum í samráði við kennari hvort sem er eftir eigin hugmynd eða teikningum sem eru til í skólanum:

Nemendur kynnst vélum og verkfærum sem notuð eru á smíðaverkstæðum

### 3. Málmiðn

Málmsuða, plötuvinna, rennismiði og handavinna, nemendur smíða járnros og litla fallbyssu úr messing og áli:

Nemendur kynnst logsuðu, pinnasuðu og hlífðargassuðu. Nota uppmerkingaverkfæri og mælitæki, CNC stýrða rennibekki, klippur og beygjuvélar, fræsivél, standborvélar, handverkfæri sem notuð eru í málmsmiði og fl.

### 4. Rafiðnir – Tölvu- og netkerfi

Nemendur kynnst rafmagns- og raflagnaefni og smíða m.a. fjöltengi

Rökrásir og stýringar, nemendur kynnst tvítölukerfinu og hermiforritum fyrir rafmagns stýringar Rafeindatækni, nemendur læra að lóða og kynnst ýmsum íhlutum sem notaðir eru í rafrásum og lóða úr þeim einfaldar rásir

### 5. Upplýsingatækni - Vefsíðugerð og forritun

Vefsíði: Nemendur læra að búa til einfalda vefsíðu

Forritun: Nemendur læra grunn í forritun

Myndvinnsla: Nemendur grunnatriði í Photoshop

### 6. Pípulagnir

Plastsuða: Nemendur fá grunnkynningu á plastefnum, ásamt að sjóða saman ýmis verkefni, t.d. snjóbræðslukistur, sandföng o.fl.

Hita og vatnslagnir: Nemendur fá kynningu á hita og vatnslögnum ásamt að leggja hita og vatnslagnir með nokkrum tegundum af efni

Stýribúnaður: Nemendur fá kynningu á ýmsum gerðum af stýribúnaði sem notaður er við hitalagnir

### 7. Tækniteiknun

Teiknifræði: Kynning á grunnatriðum í teiknifræði

Hönnunarforrit: Nemendur fá kynningu á helstu teikniforritum sem notuð eru við hönnun.

Þjálfun: Nemendur fá þjálfun í notkun á þrívíðum hugbúnaði og framsetningu á teikningum

**Valblað fyrir Tækniskólann og MK veturinn 2018-2019. Síðasti skiladagur er 16. maí.**

**Nafn:** \_\_\_\_\_

**Bekkur:** \_\_\_\_\_

- Verk- og listgreinaval Tækniskólans (VKG) **Kenndur allt árið.**  
Nemendur kynnst ólíkum viðfangsefnum í list- og verknámi sem kynntar eru í lotukerfi þar sem hver nemandi velur þrjú af eftirfarandi viðfangsefnum: Hönnun og nýsköpun -Tréið -Málmiðn- Rafiðnir- Upplýsingatækni- Pípulagnir- Tækniteiknun

Verklegur áfangi í matvælagreinum

- VERM1AA03  
Áfangi á fyrsta þrepi. **Kenndur á haustönn.**  
Áfanginn er kenndur á einni önn. Í áfanganum fá nemendur innsýn í samningsbundnar faggreinar í matvælageiranum þ.e. bakstur, framreiðslu og matreiðslu. Nemendur fá leigða vinnubúninga sér að kostnaðarlausu. Miðað er við að þeir nemendur sem fá að velja þennan áfanga hafi færni til að vinna sjálfstætt og hafi sjálfsaga til þess að umgangast verkfæri í eldhúsum af varfærni.

Bóklegir áfangar

- ENSK2BA05 Sambærilegur við ENS203  
Áfangi á öðru þrepi. **Kenndur á haustönn**  
Enska fyrir sjálfstæðan notanda, stig b1/b2. Evrópski tungumálaramminn.
- ENSK 2BB05 Sambærilegur við ENS303  
Áfangi á öðru þrepi. **Kenndur á vorönn**  
Enska fyrir sjálfstæðan notanda, stig b2. Evrópski tungumálaramminn.
- STÆR2BC05 Sambærilegur við STÆ203  
Áfangi á öðru þrepi. **Kenndur á haustönn**  
Algebra, föll og gröf
- STÆR2BD05 Sambærilegur við STÆR303  
Áfangi á öðru þrepi. **Kenndur á vorönn**  
Föll og gröf
- ÍSLE2BA05  
Áfangi á öðru þrepi. **Kenndur á haustönn**  
Ritun og tjáning
- ÍSLE2BB05  
Áfangi á öðru þrepi. **Kenndur á vorönn**  
Goðfræði, málsaga og ritun.

**Undirskrift foreldra/forráðamanna:** \_\_\_\_\_